Stjórn foreldrafélags Helgafellsskóla

Stjórnarfundur 30.okt kl. 20.00 - Skipulagning jólaskemmtunar

Fundur settur	1
Staðfest dagsetning	1
Jólasveinar	1
Föndur-herbergi	1
Pikarkökuskreytingar	1
Kaffisala	1
Fjáröflun f. 7.bekk	2
Annað	2
To-do	2

Fundur settur

Mættir eru: Sunna, Hófí, Gunnar, Ólafur

Staðfest dagsetning

Rósa staðfestir að 4.des er í lagi. Höfum viðburðinn kl. 14-16 eins og 2019.

Jólasveinar

Búið að bóka 4 jólasveina. Pæling að fækka þeim? Hvað eiga þeir að gera?
Gunnar ætlar að tala við þá um þetta - verða þeir með eitthvað atriði/sögur og gefa svo mandarínur? Fá þá 15-15.45?

Föndur-herbergi

Hvað eigum við að kaupa mikið af hverju?
Hvaða spons getum við fengið?
Geta Lea og Ingibjörg séð um að græja hráefni og bera ábyrgð á þessu herbergi?

Gunnar er með einhverja poka frá 2019 - kíkir í þá hversu mikið er þar ofan í og hvað

Pikarkökuskreytingar

Sunna og Hólmfríður sjá um piparkökuskreytingar - kaupa hráefni og halda utan um stöð.
Hófí og Gunnar eiga flöskur. Búum til glassúr fyrir viðburð (getum keypt líka ef það vantar) og kaupum líka, til að eiga flöskurnar milli ára.

Vera með útprentaðar myndir til hliðar, fyrir þau sem hafa ekki athygli í að skreyta piparkökur með fjölskyldunni. Geta litað myndir á meðan.

Kaffisala

Fjáröflun fyrir 6.bekk. Hafa samband við árgangafulltrúana - Lea.
Foreldrafélagið sér um að fá sponsa fyrir kaffisöluna.
Gunnar ber ábyrgð á því að fá hráefni. Kaupa servíettur og pappamál.

Fjáröflun f. 7.bekk

Happdrætti. Selja miða á staðnum. Foreldrafélag getur komið með hugmyndir um fyrirtæki og árgangafulltrúar sjá um að fá happdrættisvinninga.
Hafa samband strax við árgangafulltrúana - Lea.

Annað

Ákveðið að það sem fæst úr fjáröfluninni hjá 6.og 7.bekk fer allt inn á sama reikning og upphæðinni svo skipt í tvennt (jafnt) milli árganga.

Vera með tuskur tilbúnar og ruslapoka. Passa að manna fólk í tiltektina.
Vera með hátalara í öllum herbergjum og jólaplaylista.

Þegar við auglýsum - muna að biðja fólk um að koma með sína eigin kaffibolla og dunka undir piparkökurnar. Jafnvel skæri, heftara og lím.

Staðan er góð hjá foreldrafélaginu. Getum sett 150þús í hráefnakostnað og getum jafnvel sleppt því að rukka inn.

To-do

Gunnar - ath hversu mikið er ofan í pokunum frá Elenu og hvað

Ólafur ætlar að hafa samband við Elínu varðandi magnið á hráefni o.fl. Hvernig var þetta 2019?

Hafa samband við árgangafulltrúana í 6. og 7.bekk varðandi fjáraflanir - Lea.

Gunnar gerir skjal þar sem árgangafulltrúar geta skráð sig á stöðvar.
Auglýsum í árgangafulltrúa-grúppu sem fyrst - Lea

Sunna gerir auglýsingu - byrja samt strax á að setja inn færslu og segja fólki að taka tímasetninguna frá.

Hófí og Gunnar - athuga hvað þau eiga mikið af flöskum undir glassúr.

21.nóv - næsti fundur. Tökum stöðuna á öllu varðandi jólaskemmtunina og ræðum annað sem þarf að ræða.